

156. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
3. 12. 2025 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Lilja Jóhannesdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Karl Benediktsson, Sindri Örn Elvarsson, Lilja Jóhannesdóttir, Kristín Vala Prastardóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Ingunn Jónsdóttir, Ingveldur Sæmundsdóttir, Guðjón Ragnar Jónasson og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Valdís Björg Friðriksdóttir og Anna Ragnarsdóttir Pedersen

Starfsáætlun NÞ 2026

Hugrún Harpa fór yfir drög að starfsáætlun sem höfðu verið send á stjórnarmenn fyrir fundinn. Stjórn samþykkir starfsáætlun ársins 2026.

Rekstraráætlun NÞ 2026

Hugrún Harpa fór yfir drög að rekstraráætlun sem höfðu verið send á stjórnarmenn fyrir fundinn. Stjórn samþykkir rekstraráætlun ársins 2026.

Breytingar á stjórn

Frá síðasta fundi hefur orðið ein breyting á stjórn. Guðjón Ragnar Jónasson skólameistari hefur tekið sæti Lindar Völundardóttur sem fulltrúi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu.

Hugrún ræddi komandi breytingar á stjórn þegar Lilja Jóhannesdóttir latur af störfum sem forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands. Lilja hefur sinnt hlutverki formanns frá síðasta ársfundi. Ingunn Jónsdóttir sem hefur verið varaformaður mun taka við hlutverki formanns, að minnsta kosti til næsta ársfundar en þá mun þurfa að skipa aftur í embætti stjórnar.

Skráning stjórnar

Hugrún Harpa greindi frá stöðu mála varðandi skráningu stjórnar sem unnið er að. Gengið verður frá skráningu með rafrænum hætti.

Önnur mál

Hugrún Harpa þakkaði Lilju fyrir samstarfið á vettvangi Nýheima þekkingarseturs.

Hugrún gerði grein fyrir tilhögun jólaleyfa hjá starfsfólki setursins.

Fundir slitið klukkan 9:50

Lilja Jóhannesdóttir
Hugrún Reynis